

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 22. júlí 2011

PÉTUR MARTEINSSON

Framtíðin er Kexið

- Druslugangan
- Á rúmstokknum
- Yfirheyrslan



VIFTUR

30sm
BORDVIFTA

VERÐ

3.995

FRÁBÆRT VERÐ

40sm
BORDVIFTA

VERÐ

4.995

FRÁBÆRT VERÐ

40sm
GÓLFVIFTA

VERÐ

5.995

FRÁBÆRT VERÐ

HAFNARGÖTU 90 REYKJANESBÆ S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 SELFOSSI S: 480 3700 • GARDARSBRAUT 18A HÚSAVÍK S: 464 1600
• GLERÁRGÖTU 30 AKUREYRI S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK S: 569 1500



Heimilistæki

ht.is

núna

* Brostu framan í lífið

meðmælin

Árs gömul Kiosk

Hönnunarbúðin Kiosk fagnar árs afmæli sínu á morgun. Að versluninni standa níu ungir og efnilegir hönnuðir. Í tilefni afmælisins verður blásið til veislu þar sem boðið verður upp á lífandi tónlist, blöðrur og freyðivín. Einnig verður hægt að gera kjarakaup því allt að fimmtíu prósent afsláttur er veittur af völdum vörum. Gamanið hefst klukkan 14.



Hanastél í Hörpunni

Barinn á fjórðu hæð Hörpunnar býður upp á dásamleg hanastél og einstakt útsýni yfir höfnina. Barinn er góð stoppistöð áður en haldið er út á lífið eða út að borða og ekki skemmir útsýnið fyrir stemningunni.



SALON REYKJAVÍK

GLEÐILEGAN ÞJÓÐHÁTIÐARDAG



SALON REYKJAVÍK BÝÐUR UPP Á NÝJA NATURA KERATIN SLÉTTUNARMEDFERÐ SEM GEFUR MJÚKT, LÉTT, HEILBRIGT, FALLEGT OG GLANSANDI HÁR.



VERIÐ VELKOMIN Á SALON REYKJAVÍK, GRANDAGARÐI 5, 101 REYKJAVÍK, SÍMI: 56 85 305

Justin Bieber notar Proactiv® Solution Burt með bólurnar!

Proactiv® Solution eru efni sem hreinsa húð þína og eyða bólum. Með daglegri notkun koma efnin í veg fyrir að nýjar bólur myndist. Við lofum því!

Eftirtalin sjálfstæð Apótek selja einnig Proactiv Solution:
REYKJAVÍKURAPÓTEK, Seljavegi 2 // LYFJABORG APÓTEK, Borgartúni 28 // GARÐSAPÓTEK, Sogavegi 108 // URÐARAPÓTEK, Grafarholti // RIMA APÓTEK, Grafarvogi // APÓTEK HAFNARFJARDAR, Tjarnarvöllum 11 // ÁRBÆJARAPÓTEK, Hraunbæ 115 // LYFJAVER, Suðurlandsbraut 22 // APÓTEK GARÐABÆJAR, Litlatúni 3



Heilsubudin.is
- bætt útlit, betri líðan

DRUSLUGANGAN VERÐUR FARIN Á MORGUN:

ÞOLENDUR BERA EKKI ÁBYRGÐ

Druslugangan verður farin á morgun er tilgangur hennar er að vekja athygli á því hvernig ábyrgð á kynferðisafbrotum er gjarnan færð af gerendum yfir á þolendur með ummælum og fréttaflutningi. Gengið verður niður Skólavörðustíg, Bankastræti og Austurstræti og er fólk hvatt til að mæta og sýna stuðning í verki.

Helga Þórey Jónsdóttir, einn af aðstandendum Druslugöngunnar, segir fyrstu Druslugönguna hafa verið farna í Kanada, þá til að mótmæla ummælum lögreglumanns um fórnalömb nauðgana. Gangan vakti mikla athygli og hafa svipaðar göngur

verið skipulagðar víða um heim undanfarna mánuði. „Það er oft talað um „meinta“ nauðgun í íslenskum fjölmiðlum og þolendur kynferðisglæpa allt of oft dregnir til ábyrgðar. Þetta er nokkuð sem þarf að benda á og laga,“ segir Helga Þórey.

Hún segir framtakið hafa fengið mjög jákvæð viðbrögð og að fjöldi fólks hafi meldað sig í gönguna í gegnum Fésbókina. „Það kemur í ljós á morgun hversu margir mæta en ég tek fram að þó heiti göngunnar sé Drusluganga má fólk mæta klætt eins og það vill. Í London mætti ein kona í mjög venjulegum klæðnaði og með skilti sem á stóð „Mér var nauðgað í þessum fötum“. Nauðganir gerast ekki bara á djamminu heldur líka innan hjónabandsins og vinahópsins.“

Gangan hefst stundvíslega klukkan 14 og mun hópurinn safnast saman við Hallgrímskirkju.

- sm

Skipuleggja Druslugöngu María Lilja Prastardóttir og Helga Þórey Jónsdóttir eru meðal þeirra sem standa fyrir Druslugöngunni. FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

MJÚKAR VARIR Chubby stick er flottur varasalvi með léttum lit frá Clinique. Salvinn inniheldur meðal annars mangó og shea butter og er góður fyrir þurrar varir. Hægt er að velja á milli átta fallelgra lita.



Pedaru á forsíðu tveggja Vogue tímarita:

Endurbirta sömu forsíðumyndina

Tvö Vogue tímarit, það portúgalska og hið gríska, skarta sömu forsíðumyndinni nú í ágúst. Fashionista fjallaði um málið á síðu sinni og útskýrði að minni tímaritin endurbirti gjarna forsíður systurtímarita sinna þegar hart er í ári því það getur verið dýrt að framleiða nýja forsíðu fyrir hvern mánuð. Enda hlýtur það að kosta sitt að ráða ljósmyndara, fyrirsætu, stílista og finna rétta tókustaðinn.

Það gerist þó sjaldan að tvö tímarit velji sömu myndina til að birta sama mánuðinn, en bæði tímaritin hafa kosið að endurbirta forsíðu júní heftis franska Vogue. Fyrirsætan Karmen Pedaru íklædd Pucci mun því vera áberandi á sölustöðum Vogue á næstunni.



Næstum eins Portúgalska og gríska Vogue birta sömu myndina á forsíðum sínum nú í ágúst. Fyrirsætan Karmen Pedaru prýðir bæði tímaritin.

augnablikið



RAUÐKLÆDD LEIKKONA Mila Kunis klæddist þessum fallega, rauða kjól er hún var gestur í sjónvarpsþættinum Today Show ásamt Justin Timberlake. NORDICPHOTOS/GETTY

Jólaóróinn 2011

GEORG JENSEN

JÓLAÓRÓINN 2011
FÆST Í EPAL DESIGN Í LEIFSSTÖÐ
OG Í EPAL Í SKEIFUNNI 6 OG HÖRPU

Harpa / Skeifan 6 / Leifsstöð / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is



Christmas Noel Jul 2011



ÚR BOLTANUM Í HÓTELREKSTUR

Pétur Marteinson, fyrrverandi atvinnumaður í fótbolta, rekur Kex Hostel ásamt nokkrum félögum. Hann mætir í vinnuna dag hvern með bros á vör.

Viðtal: Sara McMahon

Ljósmyndir: Stefán Karlsson

Pó Pétur hafi lengi verið í atvinnumennsku í fótbolta segir hann fyrstu æfinguna hafa enda með tárur. „Ég ólst upp í Suðurhólum með foreldrum mínum og tveimur systur. Í blokkinni bjuggu líka mínir bestu vinir, Rúnar Freyr Gíslason og Sigurður Kári Kristjánsson, og við þrír fórum á okkar fyrstu fótboltaæfingu hjá Leikni sex ára gamlir. Við mættum þarna í stígvélum og klárir í slaginn ásamt sextíu öðrum strákum. Það var verið að velja í lið sem átti að keppa helgina eftir en enginn okkar komst í liðið og gengum við því aftur heim hágrátandi og ákváðum að hætta í Leikni. Pabbi minn spilaði þá með meistara-flokki Fram og ég sagði strákunum að við gætum verið vissir um að komast í það lið vegna pabba. Við gengum því til liðs við Fram og tókum strætó úr Breiðholtinu niður í Safamýri þrisvar í viku alveg þar til við fengum bílpróf,“ rifjar Pétur upp.

Eftir stúdentinn fluttist Pétur til Ólafsfjarðar þar sem hann lék með Leiftri í tvö ár og kynntist þar eiginkonu sinni, Unni Valdimarsdóttur. „Eftir þessi tvö ár stóðum við á svolitlum tímamótum. Kona mín var búin með sálfræðinám við Háskóla Íslands og við vorum að íhuga framhaldsnám í Bandaríkjunum. Ég var kominn inn í Berkeley-háskólann í Kaliforníu og var mjög spenntur fyrir því en þá barst óvænt tilboð frá knattspyrnuliðinu Hammarby í Stokkhólmi. Mig langaði mikið til að prófa atvinnumennskuna aðeins og láta gamlan æskudraum minn og margra annarra stráka rætast og sló því til.“ Þarið fluttist því til Svíþjóðar og lék Pétur með Hammarby næstu þrjú ár. Að því loknu lá leiðin til Noregs, svo til Bretlands og að lokum aftur til Svíþjóðar þar sem Pétur lauk atvinnumannsferlinum hjá Hammarby.

Unnur fylgdi Pétri á flakkinu allt til ársins 2007 þegar blaðinu var snúið við og hann elti hana heim til Íslands. „Hún var alltaf að stúdera og kláraði meðal annars doktorsgráðuna sína í Stokkhólmi. Það má segja að hún hafi elt mig til að byrja með en svo fékk hún spennandi stöðu við nýja lýðheilsuþraut Háskóla Íslands og þá fylgdi ég henni heim og gekk til liðs við KR.“

SAKNAR STEMNINGARINNAR INNI Í BÚNINGSKLEFA

Pétur sagði skilið við fótboltann árið 2009 en viðurkennir að það komi fyrir að hann sakni fótbolt-

ans og félagsskapparins í kringum íþróttina. „Fyrsta árið eftir að ég hætti fannst mér voðalega þægilegt að þurfa ekki að mæta á æfingar, ganga haltur eða vera með sár á hjánum en svo fór ég að finna til söknuðar. Bæði saknaði ég hreyfingarinnar og svo líka félagsskapparins. Það myndast einhver „kollektív“ stemning inni í búningssklefanum bæði fyrir og eftir leik sem maður upplifir hvergi annars staðar. Það var alveg sama hvort maður tapaði eða vann leik, spennulosunin og adrenalínið var engu líkt.“

Eftir fótboltann ákvað Pétur að snúa sér að öðru og kláraði MBAnám við Háskólann í Reykjavík og opnaði að því loknu gistiheimili ásamt nokkrum góðum félögum. „Ég var staddur úti á landi þegar ég fékk símhringingu frá Kristni Vilbergssyni, félagi mínum, sem sagðist vera að skoða gömlu Kexverksmiðjuna Frón ásamt Degi Sigurðssyni, handboltakappa. Þeir voru hrifnir af húsnæðinu og voru sannfærðir um að hægt væri að gera eitt-hvað skemmtilegt við rýmið. Það mætti segja að vinskapur okkur allra og þetta skemmtilega rými hafi verið kveikjan að Kex Hostel. Okkur finnst líka þetta svæði, Hverfisgatan og Hlemmur, mjög skemmtilegt og búa yfir miklum möguleikum. Á Hverfisgötunni hafa sprottið upp mörg skemmtileg listagallerí og það er gaman að vera hluti af þessu umhverfi.“

Kexið hefur fengið góðar mót-tökur sem gistiheimili en ekki síður sem veitingastaður og hafa borgarbúar fjölmennt á staðinn bæði í hádeginu og á kvöldin. „Við erum engir reynsluboltar í veitinga- og hótellrekstri en við höfum mikla trú á þessu verkefni og ég held að það skipti máli. Við fengum einnig frábært fagfólk til liðs við okkur þegar við vorum að skapa staðinn, frábæra hönnuði, arkitekta og svo auðvitað Friðrik V sem sér um eldhúsið okkar, Sæmund í sparifötunum. Við vildum bjóða upp á ekta kráarmat sem er ferskur, góður og skemmtilegur og Friðrik gerir það meistaralega.“

DÓTTIRIN FULLKOMIN Í ALLA STAÐI

Pétur og eiginkona hans ættleiddu dótturina Lilju Hugrúnu frá Kína í lok ársins 2005 og segir Pétur að ættleiðingarferlið hafi gengið nokkuð hratt og vel fyrir sig. „Þetta var nokkurn veginn eins og heil meðganga. Fyrst fórum við í gegnum mat þar sem úttekt var gerð á okkur hjónunum, síðan sendum við út umsókn og tíu mánuðum síðar vorum við valin sem foreldrar Lilju Hugrúnar þannig að þetta gekk allt nokkuð hratt og vel fyrir sig. Verst var biðin á milli þess sem við fengum að vita af Lilju og þar til við komumst út til að ná í hana, hún var hræðileg. Hún sjálf er svo alveg yndisleg og bara fullkomin í alla staði,“ segir hann brosandi.

Líkt og áður hefur komið fram flutti fjölskyldan heim til Íslands árið 2007 eftir tólf ára búsetu úti.



Soltur af Kexinu Pétur Marteinson, fyrrverandi atvinnumaður í fótbolta, segist sakna félagsskattökur og rekstur Kexins.

Það ár var góðærið í hámarki og viðurkennir Pétur að honum hafi þótt stemningin hér nokkuð villt miðað við þá sem ríkti í Svíþjóð. „Sviarnir eru náttúrulega mjög

Reykjavík býður upp á aðra hluti sem líka eru frábærir og að sumu leyti nýt ég hennar betur eftir dvölina erlendis. Við höfum líka sjálf-sagt tekið með okkur í farangrin-

✿ Margir fótboltafélagar mínir hlógu að þessu fyrst því þeir vissu að ég var enginn fótboltasérfræðingur, ég man aldrei nöfn eða ártöl, en þetta er skemmtilegt starf.

passasamir í öllu sem þeir taka sér fyrir hendur en hér var eins og allir ætluðu að sigra heiminn. Það var mjög skrítið að flytja heim eftir svona langa fjarveru en okkur líður öllum mjög vel hérna.“

Inntur eftir því hvort hann sakni Svíþjóðar eða haldi í sænskar hefðir verður hann hugs. „Ég saknaði Svíþjóðar ekki fyrr en núna, við vorum að koma þaðan eftir tveggja vikna frí, og það var mjög notalegt. Stokkhólmur er svo falleg borg, veðrið var gott og þar gengur allt svo smurt fyrir sig. En

um einhvern hluta lífsstílsins sem við höfum úti, en ekki endilega svo margar sænskar hefðir. Við gerum að vísu alltaf Vasterbottenbóku á áramótunum, en ætli það sé ekki það eina.“

FRAMTÍÐIN ER KEXIÐ

Pétur hefur einnig verið áberandi á sjónvarpsskjánum þar sem hann hefur sinnt hlutverki fótboltasérfræðings. Hann gerir þó lítið úr sjónvarpsferlinum og segir þetta meira til gamans gert. „Fótbolti

**KONUKVÖLD MEÐ NÝJUM VÖRUM
4. ÁGÚST KL. 18-22**

ÚTSALAN Í FULLLUM GANGI

**30-70% afsláttur af öllum vörum.
FATNAÐUR, SKÓR, SKART OG TÖSKUR
Fyrir skvísur á öllum aldri.**




Grimsbær-Bústaðarvegi
Efstaland 27, 108 Rvk., Sími 527-1999
Opíð: mán-fös. 11-18
laugd. 11-15



Vertu vinur á facebook ;)

mynda albúmið



Ég ásamt Lilju Hugrónu, dóttur minni.



Við Breiðholtsfélagarnir í stórborgarferð.



Ég í framkvæmdum á Kexinu.



U16 landsliðið í fótbolta árið 1988. Við Dagur Sigurðsson kynntumst þar.



EXTREME CHILL FESTIVAL 2011 UNDIR JÖKLI HELLISSANDUR 5-7 ÁGÚST

Farðu á Heineken heppni á Facebook, taktu þátt í Extreme Chill leiknum og þú getur unnið þér inn armband á þessa rafmögnuðu tónlistarhátíð

Miðar seldir á midi.is og í Brim Laugavegi og Kringlunni



Heineken®

GEFUR TÓNINN



aparins úr fótboltanum en er ánægður með við-

var ævistarf mitt fram að þessu og þetta heldur manni svolítið við efnið eftir að maður hætti að spila. Þorsteinn Joð fékk mig sem sérfræðing fyrir Evrópukeppnina fyrir þremur árum og síðan hefur þetta undið upp á sig. Margir fótboltafélagar mínir hlógu að þessu fyrst því þeir vissu að ég var enginn fótboltasérfræðingur, ég man aldrei nöfn eða ártöl, en þetta er skemmtilegt starf og ágætur flótti frá rekstri Kexins. Á meðan ég tala um fótbolta er ég ekki að hugsa um gesti og uppgjör.

Spurður út í framtíðaráform sín segir hann framtíðina vera Kexið. „Við erum rétt að slíta barnsskónum í þessum bransa og finnst þetta ótrúlega skemmtilegt. Við sem að þessu stöndum erum allir góðir vinir og mætum í vinnuna á hverjum einasta degi með bros á vör. En þetta er líka brjáluð vinna og stór fjárfesting þannig að það er ekki laust við að maður finni fyrir svolitlu stressi líka. En Kexið er framtíðin,“ segir hann að lokum.



OPNAÐU AUGUN
ÞAÐ ÞARF EKKI AÐ KOSTA MIKIÐ AÐ VERA TÖFF

FLOTT FÖT – FLOTT VERÐ – ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

SOHO
MARKETT

Grensásvegur 16, sími 553 7300
Opið mán-fös 12-18 og laugd 12-17

f SOHO/MARKET
Á FACEBOOK

Sumarið er stutt, njóttu þess alla leið



Budweiser
Budvar

LÉTTÖL

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft

OFURFYRIRSÆTUR OPINBERA SAMBAND SITT:

Ofurparið Arizona og Freja Beha

Það gerist sjaldan að fréttir séu sagðar af ástarsambandi tveggja fyrirsæta en slík frétt hefur nú farið sem eldur í sinu um netheima. Ofurfyrirsæturnar Freja Beha Erichsen og Arizona Muse staðfestu fyrir stuttu samband sitt og er líklega óhætt að kalla þær eitt myndarlegasta parið í tískuheiminum í dag.

Stúlkurnar eru um þessar mundir á meðal tíu vinsælustu fyrirsæta heims. Hin danska Freja Beha hefur verið í sýningum allra helstu hönnuða heims, prýtt forsíður i-D, W Magazine og fjölda Vogue-hefta auk þess sem bæði skór og töskur hafa verið nefndar eftir henni. Arizona Muse hefur einnig sýnt fyrir helstu hönnuði heims og prýtt ýmsar forsíður og tvisvar hefur hún deilt forsíðunni ásamt núverandi kærustu sinni, Freju.



Fagurt par Ofurfyrirsæturnar Freja Beha og Arizona Muse hafa opinberað samband sitt. Fréttirnar hafa vakið mikla athygli innan tískuheimins. NORDICPHOTOS/GETTY

Á RÚMSTOKKNUM

Sigga Dögg kynfræðingur

Óþægileg umræðuefni

SP: Fyrir langa löngu fór ég í hefðbundna skoðun til kvensjúkdómalæknis og mér var sagt að ég væri með aftursveigt leg en lækniinn tók fram að það væri ekki hættulegt. Ég heyrði kunningjavinkonu segja fyrir stuttu að þetta gæti aftrað manni frá því að eignast börn. Veistu hvort það er satt?

Svar: Nú er ég ekki læknisfræðilega menntuð en heimildirnar sem ég aflaði mér um aftursveigt leg bentu til þess að það ætti ekki að hafa nein áhrif á frjósemi konunnar. Það var talið áður fyrr að lega legsins gæti haft áhrif á frjósemina en læknavísindin í dag telja ekki lengur að svo sé. Hins vegar upplifa sumar konur með aftursveigt leg sársauka eða óþægindi við samfarir, sérstaklega í ákveðnum stellingum. Ef sársauki við samfarir hamlar samförum þá mætti líta á það sem ákveðna hindrun í barneignum því samfarir eru jú ansi mikilvægar fyrir getnað.

Það hafa verið framkvæmdar aðgerðir til að „laga“ aftursveigt leg sérstaklega ef önnur vandkvæði fylgja en fyrir getnað og meðgöngu þá ætti það ekki að þurfa. Þetta er því ekki eitthvað sem þú ættir að þurfa hafa miklar áhyggjur af.

SP: Er mikið um kynsjúkdóma hér á landi og af hverju er umræðan um þá svona mikið „tabú“? Hverjir eru algengustu kynsjúkdómarnir hérlendis?



Svar: Samkvæmt heimasíðu Landlæknisembættisins eru til 30 tegundir af kynsjúkdómum. Á Íslandi eru kynfæravörtur, kynfæraáblástur og klamydía algengust og smithlutfall kynjanna er svipað. Það er áætlað að um 2.000 einstaklingar smitist árlega af klamydíu. Ég hef ekki orðið sérstaklega vör við að umræðan sé „tabú“, frekar að henni sé sleppt því hún er óþægileg og fólk lifir annað hvort í hugsanahættinum „þetta kemur ekki fyrir mig“ eða þá að kynsjúkdómur sé eitthvað sem hverfi af sjálfu sér. Staðreyndin er hins vegar sú að klamydíusmit getur verið einkennalaust og sjúkdómurinn getur leitt til ófrjósemi hjá stúlkum. Það er ekki flókin lækning við klamydíu, ef hún greinist nógu snemma, og því ætti fólk ekki að vera hrætt við að skella sér í skoðun. Kynfæraáblástur og kynfæravörtur orsakast af veirum og þeim fylgir ævilangt smit en þó ekki viðvarandi einkenni. Þessir sjúkdómar geta valdið óþægindum. Þá eru tengsl milli kynfæravartna og leg-hálskrabbameins. Enn og aftur, það er einkar mikilvægt að fara reglulega í skoðun hjá Húð og kyn á Landspítalanum í Fossvogi, eða á heilsugæslunni þinni. Smokkurinn er eina vörnin gegn kynsjúkdómum og eru stelpur og strákar jafn ábyrg fyrir því að fylgja eftir notkun hans. Þú berð ábyrgð á sjálfum þér þegar kemur að kynlífi. Það sést sjaldnast á viðkomandi hvort sá sé smitaður af kynsjúkdómi og því er það á þína ábyrgð að krefjast notkunar smokksins og fara reglulega í kynsjúkdómaskoðun.

Sendu Siggu Dögg póst með spurningum eða óskum um umfjöllunarefni. Netfangið er kynlif@frettabladid.is

SUMARIÐ ER TÍMINN FYRIR MONGOOSE

BMX
20%
afsláttur

MIKIÐ ÚRVAL

einnig til 16 og 18" BMX

Mongoose Crossway 125
Tilboð 39.900 kr

Hraðamælar
verð frá: 3.990 kr

Brettasett
verð frá: 2.900 kr

GAP

HJÓLABÚÐIN FAXAFENI 7
S: 5200 200

mongoose
alvöru hjól

gap.is



YFIRHEYRSLAN

Elin Edda Sigurðardóttir, nemi í læknisfræði við HÍ og kórmeðlimur Graduale Nobili sem syngur bakraddir í nýju verki Bjarkar Guðmundsdóttur, Biophilia.

Háir hælur eða flatbotna skór:
Háir hælur, ekki spurning.

Ómissandi í snyrtibudduna:
Það er gel frá Kanebo.

Uppáhaldsliturinn:
Fölbleikur er í miklu uppáhaldi hjá mér núna en mér finnst nánast allir litir fallegir í hófi.

Hver eru nýjustu kaupin?

Ég var að koma að utan með um það bil 20 kg af nýjum fötum, en er ánægðust með bleikan vintage blúndukjól.



Hvað dreymir þig um að eignast?
Uppvottavél og nýjan pels.

Hvaða lag kemur þér í gott skap?
Auðvitað Bohemian Rhapsody.

Uppáhaldshönnuðurinn:
Á engan uppáhaldshönnuð, en mér finnst margir íslenskir hönnuðir vera að hanna mjög flott fót, til dæmis Andersen & Lauth og Kron by KronKron.



Uppáhaldsdrykkurinn:
Bara eitthvað sem kærastinn mixar.



Fólkið í landinu les Fréttablaðið

Ný fjölmiðlakönnun Capacent Gallup staðfestir vinsældir Fréttablaðsins hjá fólkinu í landinu. Til dæmis lesa rúmlega 72% íbúa höfuðborgarsvæðisins milli átján og fimmtugs að meðaltali hvert tölublað Fréttablaðsins - næstum þrefalt fleiri en lesa það dagblað sem kemur næst á eftir.

Við erum stolt af þessum glæsilega árangri og munum halda áfram að miðla skemmtilegu og upplýsandi efni, hlusta á raddir lesenda og vera líflægur vettvangur fyrir skoðanaskipti.

	18-49 ára	Höfuðsv.	Landið allt	12-80 ára	Höfuðsv.	Landið allt
Fréttablaðið	72,2%		60,2%	Fréttablaðið	75,2%	61,3%
Morgunblaðið	25,7%		25,2%	Morgunblaðið	32,8%	31,7%
DV	9,9%		10,6%	DV	12,4%	13,0%
Fréttatíminn	48,3%		36,2%	Fréttatíminn	53,9%	40,4%
Finnur.is	27,5%		20,2%	Finnur.is	35,3%	26,6%
Monitor	23,6%		22,2%	Monitor	26,3%	25,0%
Viðskiptablaðið	10,5%		9,0%	Viðskiptablaðið	12,0%	10,2%

Prentmiðlakönnun Capacent Gallup. Apríl til júní 2011, meðallestur á tölublað.



Allt sem þú þarft...

Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Hallgrímsdóttir í síma 512 5432 eða sigridurh@365.is

föstudagur

Fylgstu með